

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1364/2013**

2017/EES/24/27

frá 17. desember 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar notkun á ungvíði lagareldisdýra sem ekki er úr lífrænu eldi og ungvíði samlokna sem ekki er úr lífrænu eldi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

uppfylla kröfur 25. gr. e og 25. gr. o í reglugerð (EB) nr. 889/2008.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 13. gr. (3. mgr.), 15. gr. (2. mgr.) og 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 834/2007 var komið á grunnkröfum um lífræna framleiðslu á þangi og þara og á lagareldisdýrum. Mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽²⁾.
- 2) Á tímabilinu frá nóvember 2012 til apríl 2013 lögðu tiltekin aðildarríki fram beiðnir um endurskoðun á reglum um vörur, efni og tækni sem nota má við lífrænt lagareldi. Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu, sem var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/427/EB ⁽³⁾, mun meta þessar beiðnir; á grundvelli þess mats hyggst framkvæmdastjórnin meta þörfina á endurskoðun þessara reglna á árinu 2014.
- 3) Í sumum þessara beiðna var þess getið að ekki væri til nægilegt magn á markaðnum af ungvíði og skelfisksungvíði (e. *shellfish seed*) úr lífrænu eldi til þess að

- 4) Þar eð ungvíði og skelfisksungvíði úr lífrænu eldi eru enn ekki tiltæk í nægilegu magni til að kleift sé að hafa samfellu, til að komast hjá röskun á lífrænni framleiðslu með lagareldi í Sambandinu og til að markaður fyrir ungvíði og skelfisksungvíði úr lífrænu eldi hafi tíma til frekari þróunar er réttlætunlegt, þar til tekið hefur verið við sérfræðiráðgjöf, að fresta því að beita 50% hlutfallinu, sem kveðið er á í 3. mgr. 25. gr. e og þriðju undirgrein 1. mgr. 25. gr. o í reglugerð (EB) nr. 889/2008, um eitt ár fram til 31. desember 2014.

- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnvísunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. mgr. 25. gr. e komi eftirfarandi:

„3. Hámarkshundraðshluti ungvíðis úr ólífrænu lagareldi sem er flutt í eldisstöð skal vera 80% eigi síðar en 31. desember 2011, 50% eigi síðar en 31. desember 2014 og 0% eigi síðar en 31. desember 2015.“

2. Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. 25. gr. o komi eftirfarandi:

„Hins vegar skal hámarkshundraðshluti ungvíðis úr klakstöðvum samlokuskelja, sem nota ólífrænar aðferðir, sem flytja má í einingar með lífrænni framleiðslu vera 80% eigi síðar en 31. desember 2011, 50% eigi síðar en 31. desember 2014 og 0% eigi síðar en 31. desember 2015.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/427/EB frá 3. júní 2009 um að koma á fót sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (Stjtið. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 29).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 31. desember 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
